

Múlaping

# Málefнасamningur B- og D- lista

Kjörtímabilið 2022 - 2026

24/05/2022

## Efnisyfirlit:

<b>Málefnasamningur D- og B- lista í Múlaþingi 2022 - 2026 .....</b>	<b>2</b>
<i>Áherslumál eftir málaflokkum:.....</i>	<i>2</i>
Stjórnsýsla:.....	2
Skipulagsmál: .....	2
Samgöngur .....	2
Mannvirki.....	3
Atvinnumál:.....	3
Menningarstarfsemi:.....	4
Umhverfismál:.....	4
Fræðslumál: .....	4
Frístundir:.....	5
Heilbrigðis- og félagsmál: .....	5
<b>Tilnefningar í nefndir og embætti .....</b>	<b>2</b>

## Málefñasamningur D- og B- lista í Múlaþingi 2022 - 2026

D- listi Sjálfstæðisflokks og B- listi Framsóknarflokks í Múlaþingi staðfesta að listarnir mynda saman meirihluta í sveitarstjórn Múlaþings, kjörtímabilið 2022 – 2026. Listarnir sameinast um að koma stefnuskrám sínum í framkvæmd eins og þær voru kynntar kjósendum og samkvæmt því samkomulagi sem hér fer á eftir.

### Áherslumál eftir málaflokkum:

#### Stjórnsýsla:

- Stjórnsýsla verði einföld og skilvirk með sterka tengingu við byggðir þess í gegnum heimastjórnir sem fara með tiltekin nærpjónustuverkefni. Stefnt er að öflugri starfsemi og samtali í öllum byggðakjörnum, samlegð í rekstri, betri nýtingu fjármuna og bættri þjónustu við íbúa m.a. með aukinni sérhæfingu starfsfólks, áherslu á rafrænar lausnir og styttingu boðleiða.
- Sett verði skilgreint framkvæmdafé til smærri samfélagsverkefna sem heimastjórnir hafa umsjón með og íbúar geta valið úr tillögum.
- Klárað verður að innleiða verkefnið „barnvænt sveitarfélag“. Með innleiðingu verði sáttmálinn sem rauður þráður gegnum starfsemi sveitarfélagsins.
- Leitast verði við að tryggja virkt samráð innan stjórnsýslunnar við ungmennaráð, öldungaráð og samráðshóp um málefni fatlaðs fólks sem megin samráðsvettvanga sveitarstjórnar við viðkomandi hópa í samfélaginu. Skoðað verði að setja af stað notendaráð í málefnum fatlaðs fólks.
- Hafnamál fái aukið vægi í starfsemi sveitarfélagsins og þannig verði staðið vörð um arðsemi og tækifæri hafnanna.
- Skoðað verði að setja eigendastefnu fyrir HEF veitur.

#### Skipulagsmál:

- Hafist skal handa við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins.
- Tryggja skal fjölbreytt úrval skipulagðra lóða fyrir atvinnu- og íbúðarhúsnæði.
- Gerðar verði greiningar varðandi m.a. aðgengismál, úttekt á göngu- og hjólastígum, framboð á almenningssalernum og upplýsingaflæði til íbúa og gesta. Niðurstöður verði nýttar við skipulagsgerð, til endurbóta í sveitarfélaginu sem og við ákvörðun um nýframkvæmdir.
- Framkvæmdaaðilum og húsbýggjendum standi til boða leiðbeinandi ráðgjöf á öllum stigum framkvæmda.
- Leitað verði leiða til að leysa vanda á húsnæðismarkaði með fjölþættum aðgerðum. Horft verði til þess að vera í virku samtali við verktaka í sveitarfélaginu sem og áhugasama aðila og bjóða upp á hvata til húsbýgginga, t.d. með veitingu afslátta.

#### Samgöngur

- Áfram verður þrýst á nauðsynlegar samgöngubætur innan sveitarfélagsins og að staðið verði við þær framkvæmdir sem eru á samgönguáætlun svo sem Fjarðarheiðargöng og Öxi. Mikilvægt er einnig að tryggja bættu vetrarþjónustu.
- Lögð verður áhersla á uppbyggingu á vegum í dreifbýli innan sveitarfélagsins.

- Unnið verði að bættri vetrarþjónustu í dreifbýli og þrýst á endurskoðun á skilgreiningu vega innan sveitarfélagsins.
- Unnið verður með Isavia og ríkisvaldinu að uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar svo hann uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hans sem fyrsta varaflugvallar Keflavíkurflugvallar og um leið hugað að framtíðarmöguleikum vallarins varðandi vöruflutninga og millilandaflug.
- Sérstök áhersla verður lögð á að sækja fjármuni frá ríkinu til uppbyggingar og viðhalds á hafnarmannvirkjum og fylgt verði eftir markaðssetningarátak með áherslu á skemmtiferðaskip.

#### Mannvirki

- Unnið verður eftir fyrirbyggjandi áætlunum um fjárfestingar og uppbyggingu mannvirkja innan sveitarfélagsins enda liggja fyrir þarfagreining, ástandsúttekt og eða forgangsröðun á nauðsynlegu viðhaldiViðhald og uppbygging grunnskólanna verður sett í forgang og það haft að markmiði að skólahúsnæði hýsi tónlistaskóla sé þess kostur. Unnin verður forgangsröðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja í samráði við íþróttafélög innan sveitarfélagsins. Nýjum leikskóla á Egilsstöðum verði valinn staður og hönnun og undirbúningi að byggingu hans verði lokið á kjörtímabilinu.
- Áfram verður unnið að því að tryggja fjármögnun og framkvæmdir við ofanflóðavarnir á Seyðisfirði.
- Þrýst verður á lagningu ljósleiðara í þéttbýli og lokið verði við ljósleiðaralagningu í dreifbýli innan sveitarfélagsins.
- Þrýst verður á lagningu þriggja fasa rafmagns í dreifbýli, aukið afhendingaröryggi og lækkun á dreifingarkostnaði. Unnið verður að því að skilgreining sveitarfélagsins á þéttbýli sé virt þegar kemur að raforkukostnaði.
- Unnið verði markvisst að bættu aðgengi innan sveitarfélagsins.

#### Atvinnumál:

- Hjá sveitarfélaginu verði í boði skilvirk ráðgjöf á sviði atvinnumála og áhersla lögð á samstarf og samráð og þannig stuðlað að farsælum árangri í uppbyggingu atvinnulífsins. Áhersla verður lögð á stuðning við atvinnu sem fyrir er og hlúð verður að nýsköpun í atvinnulífinu.
- Unnið verði að byggðaþróunarverkefnum fyrir einstök svæði í dreifbýli sveitarfélagsins með það að markmiði að styrkja þar búsetu og fjölga atvinnutækifærum. Unnið verði með vissa þætti verkefnisins Betri Borgarfjörður auk þess sem unnið verði með áþekkri aðferðafræði á skilgreindum svæðum innan sveitarfélagsins.
- Unnið verði markvisst að því að sækja opinber verkefni og störf á vegum ríkisins inn á svæðið og um leið verja þau störf sem fyrir eru.
- Unnin verður innviðagreining á sveitarfélaginu öllu og styrkleikar þess greindir. Niðurstöður greiningarinnar verði svo nýttar til kynningar og markaðssetningar innanlands sem utan.
- Innkaupastefna sveitarfélagsins miði að því að fjárfesta í vörum og þjónustu á heimamarkaði sé þess nokkur kostur.
- Skoðuð verði forsenda betri nýtingar byggðakvóta innan sveitarfélagsins.

#### Menningarstarfsemi:

- Unnin verði menningarstefna og skoðaðir möguleikar þess að vinna sameiginlega menningarstefnu fyrir Austurland. Samhliða verði unnin aðgerðaráætlun í menningarmálum og stefnt skal að því að Múlaþingverði öflug miðstöð menningar á Austurlandi.
- Farið verði yfir þá menningarsamninga sem sveitarfélagið er aðili að og þeir teknir til endurskoðunar ef þurfa þykir.
- Stuðlað verði að varðveislu menningarminja á borð við gömul hús og önnur mannvirki innan sveitarfélagsins, í samstarfi við hagsmunaaðila og Minjastofnun.
- Sveitarstjórn mun styðja við söfn innan sveitarfélagsins. Kannaður verði grundvöllur þess að þróa starfsemi með það að markmiði að ná fram hagkvæmni í rekstri og frekari sérhæfingu starfsmanna. Leitast verði við að tryggja nægt fé til markaðssetningar.
- Lokið skal við uppbyggingu Safnahússins á Egilsstöðum.

#### Umhverfismál:

- Sorphirða, flokkun, moltugerð og endurvinnsla bæði heimila og fyrirtækja verði tekin til endurskoðunar bæði í þéttbýli og dreifbýli, með það að markmiði að bæta þjónustu og draga úr urðun sorps.
- Sveitarfélagið verði til fyrirmyndar þegar kemur að snyrtilegri ásýnd, fyrirtæki, bændur og einstaklingar verði hvattir til að huga að nærumhverfi sínu og að skilgreindu hreinsunarátaki verði fylgt eftir í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins.
- Haldið verður áfram með nauðsynlegar framkvæmdir við veitur sveitarfélagsins á vegum HEF veitna.
- Stuðlað verði að orkuskiptum innan sveitarfélagsins.
- Loftslagstefna Múlaþings verði kláruð.

#### Fræðslumál:

- Gerð verði úttekt á faglegu starfi skólanna og sú vinna nýtt til að gera menntastefnu fyrir Múlaþing.
- Í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk skólaflokkanna verði leitað leiða til að auka samstarf og samnýtingu m.a. á mannauði og aðbúnaði um leið og hver skóli heldur sérstöðu sinni og sjálfstæði. Skoða þarf möguleika á því að auka faglega breidd innan skólakerfisins.
- Starfsfólk skólanna verði upplýst og hvatt til að nýta þau tækifæri sem í boði eru til að þróa hæfni og faglega endurmenntun.
- Stefna skal að því að tölvukostur nemenda og starfsfólks skóla verði bættur.
- Stöðugt sé unnið að því að tryggja öllum börnum leikskólaláss frá 12 mánaða aldri. Séu leikskólaláss í viðeigandi byggðakjarna fullsetin eigi fjölskylda barnsins kost á að fá hluta af daggjaldi þess greitt þangað til láss fæst á leikskóla auk þess sem áframhaldandi stuðningur verði við dagmæður í samræmi við eftirspurn eftir þjónustu þeirra.
- Samtal við framhalds- og lýðskóla innan sveitarfélagsins verði aukið og sveitarfélagið beiti sér fyrir hagsmunum þeirra gagnvart ríkisvaldinu.
- Þrýst verði á aukið framboð fjarnáms á háskólastigi og áfram unnið að uppbyggingu staðbundins háskólanáms á Austurlandi og innan sveitarfélagsins.

- Unnið verði að því að fá skilgreiningu elsta árgangs leikskóla breytt í skólaskyldu með það að marki að það verði hluti af skipulögðu skólastarfi með aðkomu ríkisins.
- Endurskoðun á sumarlokun leikskóla með það að markmiði að auka sveigjanleika.
- Systkinaafsláttur af leikskólagjöldum með öðru barni verði aukinn.
- Áfram verði unnið af metnaði með Austurlandslíkanið.

#### Frístundir:

- Íþrótt- og tómstundastyrkur sé veittur fyrir öll börn í sveitarfélaginu á aldrinum 4 ára til 18 ára og verði hækkaður frá því sem nú er.
- Framtíðarhúsnæði fyrir frístundastarf verði tryggt í öllum byggðakjörnum.
- Samstarf skóla og íþrótt- og tómstundafélaga verði eflt þannig að íþrótt- og tómstundastarf barna geti farið fram í eðlilegu framhaldi af skólastarfi meðal annars með hagsmuni barna sem búa í dreifbýli í huga.

#### Heilbrigðis- og félagsmál:

- Lögð verður áhersla á að grunnheilbrigðisþjónusta sé tryggð í hverjum byggðarkjarna og að nauðsynleg tæki til fullbráðagreiningar verði til staðar á HSA á Egilsstöðum.
- Unnið verði að því að efla aðgengi íbúa að sérfræðiþjónustu í sveitarfélaginu.
- Unnið verði að fjölgun hvíldar-, langlegu- og dagþjónustuplássna fyrir aldraða innan sveitarfélagsins.
- Leitað verði eftir góðu samstarfi við félög eldri borgara varðandi félagsstarf þeirra og stefnumótun í málefnum aldraðra. Öldungaráði verði falið að vinna drög að aðgerðaráætlun um málefni eldra fólks.
- Starfshóp um málefni fatlaðs fólks verði falið að vinna drög að aðgerðaráætlun um málefni fatlaðs fólks.
- Sett verði markmið varðandi búsetu- og vinnuúrræði fyrir fatlaða einstaklinga í hverjum byggðakjarna fyrir sig.
- Unnið verði af metnaði með verkefnið Heilsueflandi samfélag.

Lögð verður áhersla á að Múlaþingi veiti opinberum stofnunum aðhald með það að markmiði að íbúar sveitarfélagsins njóti viðunandi þjónustu, kjara og möguleika varðandi t.d. menntun, heilbrigðisþjónustu, samgöngur, orku, fjarskipti og löggæslu.

D- listi Sjálfstæðisflokks og B- listi Framsóknarflokks í Múlaþingi á Austurlandi eru sammála um að leita eftir samningum við Björn Ingimarsson um að hann taki að sér starf sveitarstjóra.

Ábyrgð kjörinna fulltrúa í Múlaþingi er mikil þegar kemur að því að móta hefðir og venjur í tengslum við nýjungar í stjórnskipulagi þess. Fulltrúar B- og D-lista leggja ríka áherslu á mikilvægi góðrar samvinnu og samstarfs innan nýrrar sveitarstjórnar og leitast því við að vinna í þeim anda með fulltrúum allra framboða, Múlaþingi til heilla.

Múlaping, 24. maí 2022



Berglind Harpa Svavarsdóttir,  
oddviti D lista



Jónína Brynjólfssdóttir  
oddviti B lista

## Tilnefningar í nefndir og embætti

### *D-listi tilnefnir í eftirfarandi:*

Fyrsta varaforseta sveitarstjórnar, í byggðaráð: formann og einn fulltrúa, í fjölskylduráð: formann og einn fulltrúa, í umhverfis- og framkvæmdaráð: varaformann og einn fulltrúa, í stjórn HEF veitna: formann og einn fulltrúa, í stjórn SSA: einn fulltrúa, í heimastjórn Djúpavogs: formann og varaformann.

### *B-listi tilnefnir í eftirfarandi:*

Forseti sveitarstjórnar, í byggðaráð: varaformann, í fjölskylduráð: varaformann og einn fulltrúa, í umhverfis- og framkvæmdaráð: formann og einn fulltrúa, í stjórn HEF veitna: varaformann, í stjórn SSA einn fulltrúa, í heimastjórn Seyðisfjarðar: formann og varaformann, í heimastjórn Fljótsdalshéraðs: formann og varaformann.

### *Fulltrúar D- og B-lista sammælast einnig um eftirfarandi:*

Að formaður heimastjórnar á Fljótsdalshéraði verði fulltrúi í svæðisráði austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Að óska eftir því að aðrir listar sem fulltrúa eiga í sveitarstjórn geri með sér samkomulag um að tilnefna í eftirfarandi:

Annar varaforseta sveitarstjórnar, tvo varafulltrúa í stjórn SSA, í heimastjórn Borgarfjarðar: formann og varaformann, í svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs fulltrúa og varafulltrúa.